



Reykjavík, 9. júní 2026

MSS26060073

óm

Forsætisnefnd

## Fjárframlög til stjórnmalasamtaka seinni hluta árs 2026

Skrifstofa borgarstjórnar hefur undirbúið útgreiðslu fjárframlags Reykjavíkurborgar til þeirra stjórnmalasamtaka sem fulltrúa eiga í borgarstjórn til samræmis við ákvæði laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Fulltrúar í forsætisnefnd og/eða formenn borgarstjórnarflokka bera ábyrgð á því að rétt gögn berist skrifstofunni. Skrifstofu borgarstjórnar þarf að berast bæði reikningur og erindi frá flokknum, sem er undirritað af formanni borgarstjórnarflokks og starfsmanni stjórnmalasamtakanna. Til hægðarauka hefur verið útbúið eyðublað til útfyllingar og undirritunar sem unnt er að nýta sér.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna er helming þeirrar fjárhæðar, sem ákvörðuð var í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026 skipt í samræmi við hlutfall atkvæðamagns þeirra stjórnmalasamtaka sem rétt eiga á framlagi. Seinni helmingurinn kemur nú til útgreiðslu í hlutfalli við atkvæðamagn í sveitarstjórnarkosningum 16 maí 2026.

Athygli er vakin á því að það er skilyrði úthlutunar á fé frá sveitarstjórnnum að viðkomandi stjórnmalasamtök séu skráð skv. I. kafla C laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006, hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda skv. 8. og 9. gr. s.k. og að ríkisendurskoðandi hafi birt ársreikning þeirra.

Gera þarf ráð fyrir ca. 10-15 daga afgreiðslutíma eftir að öll gögn berast skrifstofu borgarstjórnar og til að tryggja hraða og örugga afgreiðslu er vakin athygli á eftirfarandi:

1. Erindið þarf að vera undirritað af bæði formanni eða oddvita borgarstjórnarflokks og gjaldkera/starfsmanni.
2. Reikningur þarf að fylgja erindinu. Mælt er með að senda rafrænan reikning, sjá <https://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>
3. Bankareikningur þarf að vera á nafni stjórnmalasamtakanna.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík



Hjálagt:  
Útreikningur á skiptingu í samræmi við hlutfall atkvæðamagns  
Beiðni um útgreiðslu – eyðublað